



Skýrsla gæðaráðs

Innra mat og umbótaáætlun

Hlíðarskóli júní 2025
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Ytra mat.....	3
Starfsáætlun um innra mat.....	4
Skólaprófill innra mats júní 2024.....	4
Niðurstöður mats.....	5
Stjórnun og fagleg forysta.....	6
Nám og kennsla.....	8
Innra mat.....	9
Heildarniðurstaða júní 2025 - Skólaprófill.....	11
Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026.....	12

Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um helstu viðfangsefni innra mats Hlíðarskóla skólaárið 2024-2025.

- Niðurstöður Ytra mats sem gert var 2020
- Niðurstöður mats í eftirfarandi þáttum
 - Stjórnun og fagleg forysta
 - Nám og kennsla
 - Innra mat
- Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Jafnt og þétt hefur gæðaráð Hlíðarskóla farið yfir og metið ákveðna liði í öllum þáttum skólastarfsins þ.e. stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu og innra mat samkvæmt langtímaáætlun um innra mat skólans sem sjá má í [langtímaáætlun 2024-2028](#). Gæðaráð skólans skipa allir starfsmenn enda fámennur skóli og skilvirkast að allir komi að skipulagningu, ígrundun og samantekt styrkleika og tækifæri til umbóta.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Hlíðarskóla í febrúar 2020. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Markvisst hefur verið unnið að því að auka gæði skólastarfsins undanfarin ár með það að markmiði að uppfylla sífellt þau gæðaviðmið sem lögð eru til grundvallar skólastarfinu. Gerð var ný [langtímaáætlun um innra mat](#) sem unnið verður eftir frá 2024 - 2028. Mikil og góð vinna hefur farið í mat gagnvart viðmiðunum og staðan orðin góð þó alltaf sé hægt að gera betur. Skýrslan endar á umbótaáætlun fyrir næsta skólaár en þar eru teknir fyrir þeir þættir sem ekki komu nógu vel út við innra mat.

Starfsáætlun um innra mat

Í Hlíðarskóla er litið á vinnu með innra mat og umbótaráætlun sem lykilatriði til þess að halda uppi faglegu og góðu skólastarfi. Með starfsáætlun er markmiðið að gera vinnu innra mats markvissara og reglulegt ásamt því að vinna stöðugt að þeim umbótum sem skólinn hefur sett sér. Sjá má starfsáætlun ásamt mati á þeirri áætlun [hér](#).

Skólaprófíll innra mats júní 2024

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Heildarniðurstaðan er að 100% matsþátta (16/16) eru flestir eða allir sterkir og með mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2023-2024 var stefnt á að minnsta kosti 90% allra matsþátta yrðu metnir sem sterkir eftir að stjórnun og fagleg forysta hefur verið yfirfarin, sem og að öðrum þáttum hafi verið viðhaldið, og náðist það markmið.

Niðurstöður mats

Niðurstöðurnar eru lagðar fram í þrem meginþáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Náms og kennsla
3. Innra mat

Í niðurstöðu kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin. Heildarmat skólans er tekið saman í lok skýrslu með skólaprófil sem segir til um styrkleika skólans og í lok skýrslu er umbótaáætlun þar sem tækifæri til umbóta koma fram.

Gögn sem notuð voru eru matslistar innra mats, nemendakannanir, skólapúls fyrir foreldra, starfsmannakannanir, starfsþróunarsamtöl við starfsfólk, rýnihópar og gátlistar.

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var metin skv. viðmið Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 6. útgáfa.](#)

Markmið skólans: *Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að skólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir.*

Gögn sem notast var við auk viðmiða Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu eru niðurstöður tveggja starfsmannakannana, niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum við starfsfólk í vetur og niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins. Mat á viðmiðum má sjá [hér](#).

Helstu niðurstöður: Eins og sjá má kemur stjórnun og fagleg forysta vel út í Hlíðarskóla. Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans samkvæmt Skólapúlsinum en 100% svarenda voru ánægð með stjórnun skólans. Tvær kannanir voru gerðar meðal starfsfólks Hlíðarskóla og voru niðurstöður svipaðar í bæði skiptin eða 89-90% starfsfólk sem voru ánægð með stjórnun vinnustaðarins. Einnig kemur þar fram að 100% starfsfólks Hlíðarskóla ber fullt traust til stjórnenda skólans.

Stjórnun og fagleg forysta
Samvirkni í stefnumótun
Faglegt samstarf og samræða
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
Umbætur og innleiðing breytinga
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks

Umbætur næsta árs:

- Halda áfram að meta og bæta faglegt samstarf og samræðu.
- Virkja aftur foreldrafélag Hlíðarskóla en ekki fengust foreldrar til að starfa í félaginu.
- Skólaráð sé skipað og starfi samkvæmt reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í vetur vantaði fulltrúa foreldra í ráðið.
- Viðhalda og aðstoða nemendaráðið við störf sín.
- Skólastjóri og deildarstjóri fylgist reglulega með og meti kennslu og kennsluhætti kennara
- Að starfsfólk upplifi hvatningu og stuðning á vinnustaðnum
- Að stjórnendur styðji við fagrað nemenda í innleiðingu Réttindaskóla UNICIEF við Hlíðarskóla.
- Yfirfara eineltisáætlun og innleiða skýrari verkferla í eineltismálum. Þess má geta að samkvæmt skólapúlsinum er 100% ánægja hjá foreldrum með eineltisáætlun skólans. Við teljum þó að það sé svigrúm til úrbóta.
- Auka hrós og jákvæða endurgjöf til nemenda.

Nám og kennsla

Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#)

Markmið skólans: Skólinn er lærdómssamfélag sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks, með það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Námið grundvallast af samspili marga þátta og allir innan samfélagsins stuðla að þeim þáttum eftir bestu getu. Huga að góðu og hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur, svo að þeir upplifi væntingar og læri vönduð vinnubrögð í kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða. Einnig hefur skólinn það að markmiði að vinna úr vanda nemenda sinna vegna hegðunar- aðlögunar og/eða samskiptaröskunar í samvinnu við foreldra, heimaskóla og önnur úrræði eftir atvikum. Markmið skólans er þá einnig að veita foreldrum markvissa ráðgjöf sem og grunnskólum Akureyrar fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóp skólans.

Áhersla skólaársins 2024-2025 var að viðhalda og fara yfir valda liði úr *Nám og Kennsla* sem snéru að inntak og námskrá, árangur náms og gæði kennslu, námsvitund og ábyrgð og þátttöku. Skipulag náms var ekki metið og er því með hvítum lit. Gögn sem nýtt voru til að máta við gæðaviðmiðin voru fundargerðir frá starfsmannafundum, niðurstöður nemenda kannana, niðurstöður Íslensku Æskulýðs Rannsóknarinnar, kannanir meðal starfsfólks, starfsþróunarsamtöl við starfsfólks, niðurstöður Skólapúlsins meðal foreldra ásamt niðurstöðum innlits skólastjóra/deildarstjóra í kennslustundir. [Hér](#) má sjá útfylltan matslista um nám og kennslu þar sem hvert einstaka atriði er metið og vísað til gagna.

Helstu niðurstöður: Ánægjulegt er að segja frá því að í niðurstöðum Skólapúls foreldra kemur fram mikil ánægja meðal foreldra varðandi nám og kennslu. Niðurstöður Hlíðarskóla eru 6,9 á meðan landsmeðaltal er 5,1 þetta gerir marktækan mun upp á 1,8. Aðrir þættir sem má nefna eru að 100% foreldra sem svöruðu töldu að þau hefðu áhrif á ákvarðanatöku varðandi nemendur á meðan meðaltal yfir landið er 55,3% þetta gerir marktækan mun upp á 44,7%. Einnig voru 100% þeirra foreldra sem svöruðu á því að leitast væri eftir tillögum foreldra og að ábendingar þeirra væru teknar til greina þegar kom að skólastarfinu á meðan landsmeðaltal er 66,1% sem gerir marktækan mun upp á 33,9%.

Nám og kennsla
Innta og námskrá
Árangur náms
Gæði kennslu
Skipulag náms
Námsvitund
Ábyrgð og þátttaka

Umbætur næsta árs

- Fara yfir námsvísa og aðlaga að nýjum hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
- Halda áfram að innleiða og vinna með leiðsagnarnám.
- Halda áfram að vinna markvisst að mælanlegum markmiðum nemenda.
- Að nemendur skilji ávallt þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.
- Að nemendur eigi auðveldara með að ræða hvernig þeim líður.
- Söfnun gagna markviss og meta reglulega gæði náms og kennslu.
- Að til sé áætlun um hvernig framkvæmd stuðnings og tilhögun er háttað hverju sinni í námsáætlunum.
- Auka samvinnu og stuðning innan nemendahópsins.
- Að bekkjarstjórnun verði markvissari og bekkjarreglur skýrari til að auka vinnufrið í skólastofunni
- Efla eineltisforvarnir og veita markvissa fræðslu um ábyrga nethegðun.

Innra mat

Hér má sjá viðmið Akureyrarbæjar um [Innra mat](#).

Markmið skólans: Að innra mat sé skipulagt til lengri og skemmri tíma (ársáætlun - hvað á að meta í vetur), sé kerfisbundið, markmiðsbundið, umbótamiðað og að allir hagsmunaaðilar komi að því.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, vinna á starfsdögum og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Helstu niðurstöður: Vel gekk að fylgja eftir umbótum sem gerðar voru gagnvart innra mati. Einn liður náðist ekki og fer hann á umbótarætlun næsta árs. Var það liður að halda opinn skólaráðsfund með öllum fulltrúum en það náðist ekki þar sem ekki fékkst foreldri til að sitja í skólaráði. Mun skólastjóri falast eftir fulltrúa foreldra í skólaráð strax á skólasetningu í ágúst 2025 og fylgja því eftir, bjóði enginn sig fram á skólasetningunni. [Hér](#) má sjá útfylltan matslista um nám og kennslu þar sem hvert einstaka atriði er metið og vísað í gögn.

Í kjölfar ytra mats 2020 hafa verið gerðar miklar úrbætur á skipulagi, framkvæmd og umbótum í innra mati. Stofnað hefur verið gæðaráð þar sem allt starfsfólk eru þátttakendur, leitað er til foreldra um skipulag og mat innan gæðaráðsins.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Umbætur næsta árs:

- Fulltrúi foreldra sé virkur í skólaráði Hlíðarskóla.
- Halda opinn skólaráðsfund og kynna niðurstöður Innra mats skýrslu frá síðasta skólaári.

Heildarniðurstaða júní 2025 - Skólaprófill

Stjórnun og fagleg forysta	Nám og kennsla	Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Inntak og námskrá	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Árangur náms	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Gæði kennslu	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga	Skipulag náms	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Námsvitund	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Ábyrgð og þátttaka	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Hvítt - Ekki metið þetta árið.

Heildarniðurstaðan er að 100% matsþátta sem metnir voru (15/15) eru flestir eða allir sterkir og með mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Einn flokkur var ekki metinn en það er flokkurinn skipulag náms en þess má geta að sá flokkur var metinn grænn veturinn 2023-2024. Markmiðið fyrir veturinn 2024-2025 var að 90% allra matsþátta sem metnir voru yrðu grænir og tókst það markmið.

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026

Stjórnun og fagleg forysta							
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Meta og bæta faglegt samstarf og samræða.	Gera skema þar sem kemur fram hvað og hvenær á að meta.	Skóla-stjóri	Sept-ember 2025	Maí 2026	Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl og starfsmanna- fundir.	Að 90% matspátta séu góðir
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélagi nu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
2	Foreldrafélag sé virkt í Hlíðarskóla og standi fyrir viðburðum.	Virkja foreldrafélag að nýju og styðja við það.	Skóla-stjóri og deildar-stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Að foreldrafélagið standi fyrir viðburðum fyrir nemendur Hlíðarskóla hvort sem það er í skólanum eða utan hans.	Að foreldrafélagið standi að lágmarki fyrir einum viðburði á hvorri önn.
3	Foreldrar hafi sinn fulltrúa í skólaráði.	Fá einstakling úr foreldrahópnum til að taka sæti í skólaráði.	Skóla-stjóri og deildar-stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Fundargerðir skólaráðs.	Að fulltrúi foreldra mæti á skólaráðsfundi.

Umbætur og innleiðing breytinga.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
4	Að styðja áfram við starf nemendaráðsins til að festa störf þeirra í sessi.	Aðstoða nemendaráð við störf þeirra og gefa svigrúm til að funda.	Skóla- stjóri og deildar- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Fundargerðir nemendaráðs	Að nemendaráð fundi að lágmarki tvisvar á hverri önn.
5	Virkja fagrað nemenda vegna innleiðingar réttindaskóla UNICEF.	Að fagrað nemenda sé virkt og komi að vinnu réttinda-skóla UNICEF	Skóla- stjóri og deildar- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2028	Fundargerðir fagraðs nemenda.	Að fagrað nemenda sé virkt og komi að innleiðingu réttindaskóla UNICEF í Hlíðarskóla.
6	Skólastjóri og deildarstjóri fylgist reglulega með hvað fer fram í skólastofum.	Að skólastjóri/deildarstjóri geri áætlun varðandi innlit í kennslu-stofur	Skóla- stjóri og deildar- stjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendakönnun, starfsþróunarsamtöl við kennara, starfsmannakönnun.	Að 90% nemenda og kennara upplifi að stjórnendur skólans fylgist reglulega með hvað fer fram í skólastofunni.
7	Að starfsfólk upplifi hvatningu og stuðning á vinnustaðnum	Að allt starfsfólk stuðli að starfs-umhverfi sem einkennist af hvatningu og stuðningi	Allir	Ágúst 2025	Júní 2026	Starfsmanna- kannanir, starfsþróunarsamtöl við starfsfólk.	Að 90% starfsfólks finni fyrir hvatningu og stuðningi á vinnustaðnum.

8	Auka hrós og jákvæða endurgjöf	Tengja hrós og jákvæða endurgjöf við leiðsagnarnám og skólastarf almennt.	Allir	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakannanir, Skólapúls meðal foreldra, viðtöl við nemendur og foreldra, nemendafundir	Að 90% nemenda upplifi hrós og jákvæða endurgjöf reglulega í skólastarfinu.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
9	Að ná að vinna betur úr eineltismálum meðal nemenda	Yfirfara eineltis-áætlun og innleiða skýrari verkferla í eineltismálum.	Allir	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendakannanir, Skólapúls meðal foreldra, viðtöl við nemendur og foreldra, nemendafundir	Að 90% nemenda og foreldra séu ánægð með hvernig unnið er með eineltismál nemenda í Hlíðarskóla.

Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10	Vinna með námsvísa með áherslu nýja Aðalnámskrá	Uppfæra námsvísa í samræmi við nýja aðalnámskrá	Skóla- stjóri, kennarar, gæðaráð	Ágúst 2025	Júní 2026	Námsvísar metnir	Að námsvísar endurspegli nýja Aðalnámskrá
11	Að til sé áætlun um hvernig framkvæmd stuðnings og tilhögun er háttað hverju sinni í námsáætlunum	Breyta námsáætlunum þannig að gerð sé grein fyrir framkvæmd og tilhögun stuðnings.	Skóla- stjórn- endur	Ágúst 2025	Júní 2025	Starfspróunarsamtöl við kennara, innlit í kennslustofur.	Að allir nemendur hafi námsáætlun þar sem tilgreint er hvernig stuðningur við nemendur fer fram.
Árangur náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
12	Halda áfram innleiðingu Leiðsagnarnáms	Fá stuðning MSHA við innleiðingu Leiðsagnarnáms.	Skóla- stjóri Deildar- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakönnun, Skólapúls foreldra, Starfspróunarsamtöl við kennara. Matslistar.	Að leiðsagnarnám sé greinilegt í öllu skólastarfinu og nemendur, foreldrar og kennarar koma auga á einkenni þess.

Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
13	Söfnun gagna og meta reglulega gæði náms og kennslu	Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu.	Skóla- stjóri, kennarar	Ágúst 2025	Júní 2026	Matslistar, jafningjamat, starfsþróunarsamtöl.	Að gögnum yfir gæði náms og kennslu sé safnað saman jafn óðum yfir veturinn.
14	Auka leikni og þekkingu nemenda á námsaðferðum.	Að þjálfar nemendur í fjölbreyttum námsaðferðum til þess að auka leikni og þekkingu.	Kennarar, skóla- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Matslistar, áhorf í tímum, jafningjamat, starfsþróunarsamtöl við kennara.	Að nemendur geti nýtt sér fjölbreyttar námsaðferðir sem auka leikni og þekkingu.
15	Auka vinnufrið í skólastofunni.	Bætt bekkjar- stjórnun kennara, skýrari bekkja- reglur, vinna með samskipti í hópum til að auka vinnufrið.	Skóla- stjórn- endur, kennarar og uppeldis- fulltrúar	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakannanir, samtöl við nemendur, nemendapíng.	Að 90% nemenda telji vera góðan vinnufrið í skólastofunni.
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
16	Að nemendur skilji betur þau verkefni sem eru lögð fyrir þau.	Að verkefnalýsingar og innlagnir séu skýrar fyrir nemendum	Kennarar Skóla- stjóri og deildar- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakannanir, samtöl við nemendur og nemendapíng.	Að 90% nemenda telji sig skilja vel eða mjög vel verkefna- lýsingar.

Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
17	Draga úr þátttöku nemenda í eineltis-málum.	Efla eineltis-forvarnir og fræðslu um ábyrga nethegðun.	Allir	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakannanir, samtöl við nemendur og nemendaping.	Að 90% nemenda taki ekki þátt í einelti.
18	Auka samvinnu og stuðning innan nemenda- hópsins	Auka samvinnu og hópefli meðal nemenda.	Allir	Ágúst 2025	Júní 2026	Nemendakannanir, Nemendaping, starfsmannafundir, skólapúls foreldra.	Að 90% nemenda og starfsfólk upplifi samvinnu og stuðning innan nemenda-hópsins.
19	Að nemendur eigi auðveldara með að ræða hvernig þeim líður	Aukin tími fyrir persónueflingu þar sem unnið er með samtöl, tilfinningar og tjáningu	Skóla-stjóri, þroska-þjálfari og kennarar	Ágúst 2025	Júní 2026	Að gera áætlun varðandi aukningu á persónueflingu fyrir nemendur hjá bæði þroskaþjálfara sem og öðru starfsfólki. Niðurstöður mældar með nemendakönnun.	Að 90% nemenda telji sig geta sagt frá hvernig þeim líður.
20	Að nemendum líði betur í skólanum.	Aukin persónuefling og sjálfvinna. Auka við verkefnavinnu tengda áhugasviði nemenda og leita leiða til að auka tómstundastarf	Allir	Ágúst 2025	Júní 2026	Að vinna markvisst með áhugasvið nemenda hvort sem er í verkefnavinnu, tómstundastarfi og í persónueflingu þeirra. Niðurstöður mældar með nemendakönnun.	Að 90% nemenda telji sig líða vel eða mjög vel í skólanum.

Innra mat							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
16							
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
18	Að teymi með fulltrúum allra hagsmuna-aðila hafi umsjón með framkvæmd innra mats.	Fá fulltrúa foreldra og skólaráð með í vinnu að innra mati.	Skóla- stjóri og deildar- stjóri	Ágúst 2025	Júní 2025	Hvort fulltrúi foreldra sé virkur í innra mati skólans og skólaráði.	Að fulltrúi foreldra sé virkur í innra mati skólans og skólaráði.
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
19	Halda opinn skólaráðs- fund og kynna niðurstöður innra mats skýrslu frá síðasta skólaári.	Kynna innra mat skólans (skipulag, framkvæmd og umbætur) í skólasamfélaginu.	Skólastjó- ri	Ágúst 2025	Júní 2026	Mat á starfsáætlun: fundargerðir skólaráðs, foreldrakönnun, nemenda- könnun, starfsmanna- könnun, rýnihópar, skólaping	Skólastarf í sífelldri þróun samkv. viðmiðum gæðastarfs. 80-90% svarenda þekki til innra mats skólans og leiða til að koma sjónarmiðum á framfæri. Að innra mat sé tekið til umfjöllunar á opnum fundi skólaráðs.